

Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um söfnun og endurvinnslu veiðarfæra.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hvað líður staðfestingu ráðherra á nýjum samningi sem meiri hluti stjórnar Úrvinnslu-
sjóðs gerði við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi um meðhöndlun veiðarfæraúrgangs síð-
ari hluta árs 2021?
2. Hefur verið metinn árangur af fyrri samningi frá 2005 um sama efni?
3. Telji ráðuneytið að samningurinn uppfylli ekki ákvæði laga um úrvinnslugjald, líkt og
fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar, hver verða næstu skref til að uppfæra ákvæði
hans í takt við gildandi lög?
4. Kannast ráðuneytið við að samningsaðilar séu farnir að starfa samkvæmt hinum nýja
samningi, þrátt fyrir að hann hafi ekki hlotið staðfestingu ráðherra? Ef svo er, hver er
afstaða ráðuneytisins til þess?
5. Hvert er safnað magn veiðarfæraúrgangs sem flutt er úr landi árlega frá 2005, samkvæmt
bókhaldi Umhverfisstofnunar, og hvert fer hann í meðhöndlun?
6. Hvernig er söfnunar- og endurvinnsluhlutfall veiðarfæraúrgangs reiknað og hvaða gögn
liggja að baki þeim útreikningum?

Skriflegt svar óskast.